



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun sýningar  
til minningar um Friðrik Guðna Þórleifsson  
og Sigríði Sigurðardóttur  
Sögusestrinu, Hvolsvelli  
2. júní 2007**

Ágætu Rangæingar,  
sýningargestir.  
Kæra fjölskylda og vinir.

Þegar við Friðrik Guðni vorum ungir á Ísafirði og lífið blasti við, bjart og fagurt, þá ríkti gleðin ein; á hverjum degi ánægjustundir en þó aldrei sem á jólum þegar heimilið á Urðarvegi varð vettvangur ævintýra, söngs og leikja; sköpunargáfan í fyrirrúmi.

Ég hafði lítill drengur verið árum saman hjá afa og ömmu í Dýrafirði því mamma dvaldi langdvölum á berklahælum. Þegar hún hresstist kom ég á ný til Ísafjarðar og fjölskylda Sigríðar og Þórleifs – Þóra, Hörður, Björn og Friðrik Guðni – varð mitt annað heimili, töfrahöll æskuára þar sem allir gátu allt: ort vísur, kvæðabálka, samið leikrit, sungið og spilað; allt svo leikandi létt, án fyrirhafnar – og Friðrik Guðni var þar fremstur í flokki.

Svo fluttum við suður. Ég til Reykjavíkur og þau frá Urðarvegi til Akraness þar sem stórfjölskyldan tók þau í faðminn. Á hverju ári – um langa hríð – fór ég ávallt að heimsækja þau milli jóla og nýárs; ferðin sú mikilvægari en aðfangadagskvöld og gamlársdagur því ævintýrahöllin sem áður var fyrir vestan var nú komin á Akranes. Og áfram var sungið, spilað og leikið, sagðar sögur og ort, kvölds og morgna, alla daga.

Hvílík lífsgleði og snilligáfur, Friðrik Guðni skemmtilegastur af þeim öllum, farinn að yrkja og semja fullsköpuð lög meðan aðrir unglingar fóru fetið.

Á velli fjölskyldunnar var kennarastarfið einlæg köllun enda afi Friðriks og nafni margrómaður skólastjóri, Þórleifur námsstjóri yfir öllu Vesturlandi og fleiri í ættinni reru á fræðslumiðin.

Í ljóma minninganna um æskuárin er Friðrik Guðni uppáhaldsfrænda, glaður og reifur, kátur, leiftrandi, sköpunargáfan í algleymingi.

Þegar hann svo sá hina ungu ljóshærðu snót standa við píanóið í tónlistarskólanum og syngja við undirleik Ólafs Vignis snart hann töfrasproti og ástin tengdi þau Sigríði saman.

Hún var jafnoki hans og förunautur, ættuð frá Steinmóðarbæ, sveitastúlka sem varð heimskona í ríki tónlistarinnar; einnig með snilligáfu í vöggugjöf.

Þau hæfðu hvort öðru, líkt og gull og eðalsteinar skapa saman skart; lífsgleðin réð í upphafi för.

Það var galdur örlaganna að leiða þau saman því sálirnar og hæfileikarnir voru svo nátengd að í sjónhendingu blasti við strengjasafn á sömu hörpu.

En örlögin geta líka verið grimm. Þau létust bæði í blóma lífsins, stödd á miðri leið, ævintýrið hvergi nærri á enda runnið.

Líkt og hljóðfæri þagnar í miðju lagi, þegar allir hlakka til næstu hendingar, slökknaði lífsljós þeirra, fyrst Friðriks Guðna og svo Sigríðar fáeinum árum síðar.

Eftir stóðum við og skildum ekki Skaparann. Það varð mörgum erfitt enda höfðum við fáa hitt á lífsleiðinni sem voru jafn hrífandi fulltrúar lífsgleðinnar.

Þótt þau dæju ung lifa verkin; bæði af sjálfum sér og í minningunni; áhrifanna gætir enn, hér í Rangárþingi og í listalífi Íslendinga.

Með fórnfýsi og alúð efldu þau tónlistarhefð á heimaslóðum, ráku skóla, kenndu, stofnuðu kóra, stjórnðu söng, buðu framúrskarandi listafólki að koma í heimsókn, efndu til hátíða í héraðinu, kammertónlist, lúðrasveit, gáfu út plötur, voru félagslynd, fögnuðu gestum.

Í Rangárþingi varð heimili þeirra. Sú höll ævintýra sem ég kynntist ungur heima á Ísafirði var risin hér; Friðrik Guðni og Sigríður kóngur og drottning í ríki tónlistar og lífsins kæti.

Friðrik hélt áfram að yrkja og semja lög, skrifa greinar, gefa út bækur, fræða og skapa eins og hann gerði strax ungur, fægði nú

snilligáfuna í félagi við sína heittelskuðu. Og Þöll varð svo prinsessan í þessu ævintýri, búin gáfum foreldranna, leiftrandi augu, tónninn tær.

Þegar hún söng og Friðrik lék undir, faðir og dóttir, hann orðinn blindur, hún í æskublóma, þá blönduðust gleði og tár í upplifun okkar í fjölskyldunni, okkar sem mundum fyrirheit æskunnar vestur á fjörðum.

Það er okkur vinum og ættingjum Sigríðar og Friðriks Guðna fagnaðarefni að Rangæingar skulu minnst þeirra með sýningunni sem við opnum hér og færi ég öllum aðstandendum hennar einlægur þakkir.

Hún er ekki aðeins vitnisburður um einstæð hjón sem burt voru kvödd í blóma lífsins heldur líka hvatning til að rækta vel menningu á heimaslóð, minnir á að byggðir landsins eru skapandi vettvangur fyrir afreksfólk sem hlotið hefur miklar gáfur í vöggugjöf, fólk sem með lífsstarfi sínu kennir öðrum að skapa.

Það gerðu Sigríður og Friðrik Guðni svo sannarlega og því heiðrum við minningu þeirra hér í dag.

Það er einnig vel við hæfi að sýningin sé í samfélagi við Njálusetur, frásagnir af fólki sem Íslendingar hafa geymt um aldir. Á sama hátt mun minningin um sæmdarhjónin lifa lengi með Rangæingum.